



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 -10

Alþingi
Erindi nr. P 141/832
komudagur 3.12.2012

150 Reykjavík

3. desember 2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingar á skattkerfi til að styrkja íslenskan hugverkaiðnað, 118. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila hér með sameiginlegri umsögn um ofangreinda tillögu.

Samtökin fagna þeim anda sem felst í tillögunni, að skoða með jákvæðum hætti „hvort taka meggi upp þá hvata hér á landi, sem erlend ríki hafa innleitt til að styrkja vaxandi fyrirtæki innan hugverkageirans í samræmi við reglur EES um ríkisaðstoð“. Samtökin taka einnig undir að skipaður verði starfshópur, m.a. með fulltrúum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Háatækni- og sprotavettvangs, en benda jafnframt á að tilnefna þurfi fulltrúa hugverkaiðnaðarins.

Samtökin benda á að þegar liggur fyrir mótuð tillaga um framkvæmd „skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum“, sem útfærð hefur verið á grunni stefnumótunar tækni- og hugverkagreina og áframhaldandi umræðu á Tækni- og hugverkafélagi á síðasta ári. Ráðherra nefnd í atvinnumálum setti þá tillögu í forgang. Sama tillaga hefur einnig verið sett fram af Samtökum atvinnulífsins í ritinu *Skattstofnar atvinnulífsins – Ræktun eða Rámyrkja*, sbr. kafla 4.5 bls. 29.

Brýnt er að hefja vinnu við samningu frumvarps á grunni fyrirliggjandi tillagna fremur en að hefja umfjöllun um nýjar útfærslur. Rök sem fram koma í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni segja allt sem segja þarf um mikilvægi málsins til að mæta samkeppni frá öðrum þjóðum um fólk og fyrirtæki í tækni- og hugverkagreinum. Hér skiptir tíminn líka máli og að innleiðing á fyrirkomulagi sem flestir eru þegar sammála um haldi ekki áfram að tefjast vegna nýrra nefndarstarfa.

Hins vegar getur verið ganglegt að fara yfir frekari útfærslur á skattalegum hvötum í þessu sambandi án þess tefja framkvæmd á fyrirliggjandi tillögu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins